

SAMNINGUR
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA
OG
RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
UM UNÐANÞÁGU FYRIR HANDHAFA DIPLÓMATÍSKRA VEGABRÉFA
FRÁ VEGABRÉFSÁRITUN TIL STUTTRAR DVALAR

RÍKISSTJÓRN ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA, hér á eftir nefnt „Kína“ og

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS, hér á eftir nefnt „Ísland“,

hér á eftir nefndar sameiginlega „samningsaðilarnir“ og hvor í sínu lagi „samningsaðilinn“,

SEM Í ÞVÍ SKYNI að þróa enn frekar vináttutengsl milli samningsaðilanna og að efla áfram nán tengsl þeirra á milli,

SEM VILJA greiða fyrir ferðalögum með því að tryggja komu án vegabréfsáritana og stutta dvöl fyrir handhafa diplómatískra vegabréfa og standa vörð um meginreglurnar um jafnræði og gagnkvæmni,

SEM HAFA Í HUGA hin nán tengsl milli Íslands og Evrópusambandsins, einkum í krafti samningsins frá 18. maí 1999 sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér vegna tengsla hinna síðastnefndu við framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-réttarreglnanna,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af samningnum milli Alþýðulýðveldisins Kína og Evrópusambandsins um undanþágu fyrir handhafa diplómatískra vegabréfa frá vegabréfsáritun til stuttrar dvalar,

SEM VÍSA TIL sameiginlegrar yfirlýsingar vegna fyrrnefnds samnings viðvíkjandi Íslandi, Noregi, Sviss og Liechtenstein,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTAR UM EFTIRFARANDI:

1 gr.

Tilgangur.

Í samningi þessum er kveðið á um ferðalög án vegabréfsáritana fyrir ríkisborgara hvors samningsaðila sem er, sem eru handhafar gilds diplómatíks vegabréfs, þegar þeir ferðast inn á yfirráðasvæði hins samningsaðilans til dvalar í lengst 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- (a) „kínverskur ríkisborgari“ merkir sérhvern einstakling sem hefur kínverskt ríkisfang,
- (b) „íslenskur ríkisborgari“ merkir sérhvern einstakling sem hefur íslenskt ríkisfang,
- (c) „Schengen-svæðið“ merkir það svæði án innri landamæra sem nær yfir þau yfirráðasvæði þar sem Schengen-réttarreglunum er beitt til fulls.

3. gr.

Gildissvið.

1. Íslenskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gilds diplómatíks vegabréfs sem Ísland gefur út, er heimil koma og dvöl án vegabréfsáritunar til og á yfirráðasvæði Kína í þann dvalartíma sem skilgreindur er í 1. mgr. 4. gr.

Kínverskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gilds diplómatíks vegabréfs sem Kína gefur út, er heimil koma og dvöl án vegabréfsáritunar til og á yfirráðasvæði Íslands í þann dvalartíma sem skilgreindur er í 2. mgr. 4. gr.

2. Undanþágan frá vegabréfsáritun, sem kveðið er á um í samningi þessum, gildir með fyrirvara um lög samningsaðilanna um skilyrði fyrir komu og stuttri

dvöl. Samningsaðilarnir áskilja sér rétt til þess að neita um komu til og stutta dvöl á yfirráðasvæðum sínum, sé eitt eða fleiri þessara skilyrða ekki uppfyllt.

3. Íslenskir ríkisborgarar, sem hafa hag af samningi þessum, skulu fara að þeim lögum og reglugerðum sem gilda á yfirráðasvæði Kína meðan á dvöl þeirra stendur.

Kínverskir ríkisborgarar, sem hafa hag af samningi þessum, skulu fara að þeim lögum og reglugerðum sem gilda á yfirráðasvæði Íslands meðan á dvöl þeirra stendur.

4. Undanþágan frá vegabréfsárituninni gildir án tillits til flutningsmáta sem nýttur er þegar farið er yfir landamæri samningsaðilanna.

5. Um málefni, sem samningur þessi tekur ekki til, gilda landslög samningsaðilanna.

4. gr.

Dvalartími.

1. Íslenskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gilds diplómatíks vegabréfs sem Ísland gefur út, er heimil dvöl á yfirráðasvæði Kína í lengst 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er.

2. Kínverskum ríkisborgurum, sem eru handhafar gilds diplómatíks vegabréfs sem Kína gefur út, er heimil dvöl á yfirráðasvæði Íslands í lengst 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er.

Fyrir kínverska ríkisborgara felur ákvörðun um lengstu dvöl í 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er í sér dvöl í öðrum ríkjum sem beita Schengen-réttarreglunum til fulls.

3. Samningur þessi hefur ekki áhrif á þann kost að samningsaðilarnir framlengi dvalartíma fram yfir 90 daga í samræmi við landslög hvors um sig.

5. gr.

Heimsóknir háttsettra embættismanna.

Embættismenn á vararáðherrastigi ríkisstjórnarinnar eða þar fyrir ofan og yfirmenn, sem gegna stöðu undirhershöfðingja í herafla Kína eða þar fyrir ofan, skulu tilkynna lögbærum stjórnvöldum íslenskum, eftir diplómatískum leiðum, fyrirfram um ferð sína til yfirráðasvæðis Íslands í opinberum erindagerðum.

Embættismenn á ráðherrastigi ríkisstjórnar Íslands eða þar fyrir ofan skulu tilkynna lögbærum stjórnvöldum kínverskum, eftir diplómatískum leiðum, fyrirfram um ferð sína til yfirráðasvæðis Kína í opinberum erindagerðum.

6. gr.

Samráð.

Efna skal til samráðs, þegar og ætíð er nauðsyn krefur og að beiðni annars samningsaðilans, til þess að ræða beitingu ákvæða samnings þessa, meðal annars til þess að leysa ágreining sem rís vegna beitingar eða túlkunar á ákvæðum samnings þessa.

7. gr.

Skipti á sýnishornum.

1. Samningsaðilarnir skulu skiptast, eftir diplómatískum leiðum, á sýnishornum af gildum diplómatískum vegabréfum, eigi síðar en 90 dögum eftir þann dag þegar samningur þessi er undirritaður.

2. Ef innleidd eru ný diplómatísk vegabréf eða breyting gerð á þeim sem fyrir eru, skulu samningsaðilarnir færa hvor öðrum, eftir diplómatískum leiðum, sýnishorn af þessum nýju eða breyttu vegabréfum, ásamt ítarlegum upplýsingum þar sem þeim er nákvæmlega lýst og upplýsingum um notkunarsvið þeirra, eigi síðar en 90 dögum áður en fyrrnefnd innleiðing eða breyting kemur til framkvæmda.

8. gr.

Lokaákvæði.

1. Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir dagsetningu seinni tilkynningarinnar af tveimur þar sem samningsaðilarnir tilkynna hvor öðrum að innlendri málsmeðferð hvors um sig, sem er nauðsynleg til þess að svo megi verða, sé lokið.

Beita skal ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða frá og með þriðja degi eftir þann dag þegar hann er undirritaður.

2. Samningur þessi er gerður til óákveðins tíma, nema honum sé sagt upp í samræmi við ákvæði 5. mgr.

3. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi samningsaðilanna. Breytingar öðlast gildi eftir að samningsaðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum um að innlendri málsmeðferð vegna þeirra sé lokið.

4. Hvor samningsaðila sem er getur numið samning þennan úr gildi tímabundið, að öllu leyti eða að hluta, einkum af ástæðum er varða allsherjarreglu, vernd þjóðaröryggis eða vernd lýðheilsu, ólöglegan innflutning fólks eða komi til endurinnleiðingar kvaðar um vegabréfsáritun af hálfu hvors samningsaðila sem er. Ákvörðun um tímabundna niðurfellingu skal tilkynna hinum samningsaðilanum eigi síðar en tveimur mánuðum áður en áætlað er að hún öðlast gildi. Sá samningsaðili sem hefur felld beitingu samnings þessa tímabundið úr gildi skal tilkynna hinum samningsaðilanum án tafar um það að ástæður fyrir fyrrnefndri tímabundinni niðurfellingu séu ekki lengur til staðar.

5. Hvorum samningsaðila um sig er heimilt að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans. Samningur þessi fellur úr gildi 90 dögum þar á eftir.

Gjört í *Peking*..... *15. febrúar* ²⁰¹⁷... í tvíriti á kínversku, íslensku og ensku og eru allir textar jafngildir. Ef um ræðir misræmi milli frummálsgerða skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Alþýðulýðveldisins Kína

Zhang Ha

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands

Þorsteinn Thorgeirsson

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING UM TÚLKUN TÍMABILSINS 90 DAGAR Á
HVAÐA 180 DAGA TÍMABILI SEM ER EINS OG FRAM KEMUR Í 4.
GREIN SAMNINGS ÞESSA

Sá skilningur ríkir milli samningsaðilanna að tímabilið í lengst 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er, eins og kveðið er á um í 4. gr. samnings þessa, merki annaðhvort samfellda heimsókn eða nokkrar heimsóknir hver á fætur annarri sem samtals vara ekki lengur en 90 daga á hvaða 180 daga tímabili sem er.

Hugmyndin „hvaða sem er“ gefur til kynna hreyfanlegt 180 daga viðmiðunartímabil, þar sem litið er til baka til sérhvers dags dvalarinnar innan síðasta 180 daga tímabilsins, í því skyni að sannreyna hvort krafan um 90 dagana á hvaða 180 daga tímabili sem er sé áfram uppfyllt. Meðal annars merkir þetta að fjarvera í óslitið 90 daga tímabil heimili nýja dvöl í allt að 90 daga.
